

## 2. fundur stjórnar FORMA skólaárið 2015-2016

Haldinn fimmtudaginn 8. október 2015 kl. 16:30 í Meistarastofu.

Mætt voru: Ragnheiður Halldórsdóttir, Ester Stefánsdóttir, Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, Adda Laufey Egilsdóttir, Arne Vagn Olsen, Ásdís Elva Helgadóttir, Erla Sigurðardóttir og Heimir Haraldsson námsráðgjafi.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með fáeinum breytingum.
2. Rætt var um það hvort senda eigi bréf á þá aðila sem leigja út sali og tekin sú ákvörðun að gera það ekki að þessu sinni.
3. Tilnefndur var 1 fulltrúi til að sitja fundi Samtaka (Samtök foreldrafélaga á Akureyri) og var Ásdís Elva skipuð fulltrúi FORMA.
4. Farið var yfir hvernig gengur að gera leiðréttingar á lögum FORMA og tilnefndir 2 aðilar til að ljúka því verki. Jóhanna og Arne sjá um yfirferðina.
5. Rætt var um skipulagningu málþings Hugins og FORMA: Búið er að fá Jón Jónsson til að flytja erindi um fjármálalæsi og Gunnlaug V. Guðmundsson til að fjalla um vímuefnaneyslu. Einnig verður erindi um einelti á netinu sem Huginn mun sjá um. Fulltrúar Hugins mættu á fundinn og var farið yfir framkvæmd og verkaskipti. Ákveðið var að yfirskrift málþingsins verði „Frætt og forvitnast í MA“ á vegum Hugins og FORMA. Búin verður til síða á Facebook til að halda utan um viðburðinn og rætt var um útfærslur og innra skipulag sem og um skipan fundarstjóra. Nánari útfærslur verða í samráði við Huginn fram að viðburðinum sem verður fimmtudaginn 29. október n.k. kl. 20.00.
6. Erindi frá foreldri sem lýsti áhyggjum af partýhaldi var rætt. Var ákveðið að vekja athygli á samkomulagi FORMA og Hugins í kynningarbréfi til foreldra. Ester og Erla munu sjá um að rita kynningarbréf.
7. Bókaður var frágangur samkomulags Hugins og FORMA. Búið er að ganga frá samkomulagi og undirrita.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur verður fimmtudaginn 5. nóv. kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði Jóhanna M. E. Matthíasdóttir.